

Nd.

**694. Nefndarálit**

[306. mál]

um frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og verið hefur reglan um efnahagstillögur ríkisstjórnarinnar var frumvarpið um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana lagt fram á elleftu stundu þannig að enginn tími hefur gefist til eðlilegrar umfjöllunar um málið. Fram hefur þó komið að frumvarpið var samið án samráðs við allar helstu sérfræðistofnanir um efnahagsmál. Sum ákvæði frumvarpsins eru talin sniðganga ákvæði stjórnarskrár, önnur álitin bjóða slíkri hættu heim og gæti á það reynt fyrir dómstólum. Flestir umsagnaraðilar hafa lagst gegn frumvarpinu og dregið í efa að framkvæmd þess fái staðist.

Sem viðnámsaðgerð gegn verðbólgu er frumvarpið léttvægt, enda er aðaltilgangur þess að ýta óleystum vandamálum á undan sér fram yfir 1. maí n. k. Í frásögnum ráðherra hefur verið upplýst að engin samstaða er í ríkisstjórninni um nauðsynlegar ráðstafanir, sem frumvarpið tekur ekki til. Jafnframt hefur komið fram að samkomulag hefur enn ekki orðið um framkvæmd ráðstafana, sem vikið er að í frumvarpinu, svo sem um hver ársfjórðungsleg markmið í verðlagsmálum skuli vera, hvernig nýta skuli heimildir um sparnað í ríkisrekstri og hvort og hvernig auka skuli bindiskyldu innlánsfjár.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum var í gildi verðstöðvun í landinu. Sú verðstöðvun var ítrekuð með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar um s. l. áramót. Engu að síður hefur verðbólgan orðið yfir 60% á fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið um verðlagsaðhald og fleira er þriðja tilraun ríkisstjórnarinnar til þess að stöðva verðhækkanir, en mun reynast jafnslæm þeim fyrri, enda er frumvarpinu ætlað að taka gildi á sama tíma og ríkisstjórnin ákveður verulegar hækkanir á opinberri þjónustu sem fylgt verður eftir með almennum verðhækkunum. Þannig er u. þ. b. 20% hækkun á smásöluverði landbúnaðarafurða væntanleg einum mánuði eftir gildistöku frumvarpsins.

Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar hafa mistekist og munu mistakast vegna þess að þær eru einangraðar aðgerðir, en ekki hluti af heildstæðri efnahagsstefnu og í engu samræmi við aðrar staðreyndir í íslensku efnahagslífi. Án raunsærrar efnahagsstefnu er auk þess hættu á alvarlegum atvinnubresti.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er lítils virði. Ríkisstjórnin hefur hins vegar lagt ofurkapp á að þetta marklitla frumvarp verði afgreitt fyrir 1. maí, og mun þingflokkur Alþýðuflokksins fyrir sitt leyti ekki leggja gegn því að svo geti orðið.

Alþingi, 29. apríl 1981.

Sighvatur Björgvinsson.